

## **Ábendingar um frumvarp til kosningalaga**

151. löggjafarþing 2020-2021 – Þingskjal 401 – 339. mál.

### **17. gr. Hæfi kjörstjórnarmanna.**

Hæfi kjörstjórnarmanna er eingöngu metið útfrá ættartengslum í þessu frumvarpi. Önnur tengsl við frambjóðanda geta vegið mun þyngra. Það hefur ekki talist náttúruleg mál að ættingjar eigi samleið í stjórn málum.

Þar sem hlutfallskosningar eru í minni sveitarfélögum til sveitarstjórnar gæti öll kjörstjórn og varakjörstjórn þurft að víkja ef miðað er við annan lið til hliðar í stað eins liðar. Og ekki er ólíklegt að sú staða kæmi upp að einstaka kjörstjórnarmaður ætti ættmenni innan þessa ramma á öllum framboðslistum.

Miðað við réttindi og skyldur umboðsmanna framboðslista (X. kafli), starfshætti kjörstjórna og annað eftirlit með kosningum teljum við óhætt að draga úr vægi ættartengsla við mat á hæfni kjörstjórnarmanna.

Aftur á móti væri mikilvægt að okkar mati að þarna væri ákvæði um að kjörstjórnarmaður gæti beðist undan setu vegna annarra tengsla við frambjóðanda og að kjósandi og/eða umboðsmaður lista gæti gert athugasemd um önnur tengsl kjörstjórnarmanns við frambjóðanda innan ákveðins tíma fyrir kosningar.

### **34. gr. Notkun rafrænnar kjörskrár.**

Næg dæmi eru til að efast um öryggi nettengdra gagnagrunna og oftast en ekki er hæfni hakkara vanmetin.

## **XII. kafli. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.**

Með tilliti til hagkvæmni og skilvirkni væri eðlilegra að yfirkjörstjórnir og sveitarfélög tækju alfarið að sér atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Þannig yrði íbúum veitt tækifæri til að nýta kosningarétt sinn í samræmi við þjónustustig hvers sveitarfélags.

Embættum sýslumanna hefur fækkað verulega og orðið fjarlægt vald víða um land. Samhliða fækkun embætta hefur útibúum og afgreiðslustöðum fækkað og afgreiðslutími stytur. Þannig geta kjósendur þurft að ferðast um langan veg og fara frá vinnu til að geta kosið utan kjörfundar.

Þá væri einfaldast og ódýrast að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á kjördag (68. gr.) færi fram samhliða annarri atkvæðagreiðslu hjá kjörstjórnnum (eða á stærri kjörstöðum væri sérstök móttaka).

Í 69. gr. 3. tl. er aðgengi kjósenda á ýmsum stofnunum háð ósk forstöðumanns. Eðlilegra væri að skylt væri að halda atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á þessum stofnunum. Þá væri skynsamlegt að það væru tveir kjörstjórar og/ kjörstjórn sendir í þessar utan kjörfundar atkvæðagreiðslur.

**78. gr. Ákvörðun kjörstaða.**

Hér teljum við mikilvægt að sé ákvæði um aðgengi fatlaðra að kjörstað og í kjörklefa.

**84. gr. Merking í kjörskrá.**

Tvöföld skráning í kjörskrá, rafæna og á pappír, teljum við eðlilega kröfu til að tryggja öryggi kosninga og rekjanleika ef misræmi kemur upp.

*Kjörstjórn Dalabyggðar*

*Sveinn Gestsson formaður, Bergþóra Jónsdóttir og Valdís Einarsdóttir*